

Innleiðingaráætlun menntastefnu Mýrdalshrepps 2023

Stefnuþáttur	Markmið	Viðmið og vísbendingar	Aðgerðir I	Aðgerðir II	Áætlað að framkvæma	Kostnaður	Ábyrgð/ Framkvæmd	Staðan 2024	Staðan 2025	Staðan 2026
Menntastefna Mýrdalshrepps 2023	Stefnuþáttur gerður að markmiði	<i>Byggt á menntastefnu, gæðaviðmiðum um leikskóla, grunnskóla og frístundastarf auk gæðaviðmiða GGÓ (matstæki í anda einstaklingsmiðaðs náms). Neðst í skjalinu eru tenglar á öll viðmiðin.</i>	Yfirlit yfir helstu aðgerðir - ekki tæmandi listi heldur ákveðinn vegvisir. Frekari útfærslur eru í höndum hverrar stofnunar. Tímasetningar og forgangsröð er í höndum hvers skóla að útfæra í starfsáætlun, í innra matsáætlunum eða skólanámskrá.	Hver skóli útfærir	Hver skóli útfærir	Hver skóli útfærir	FFMR tekur stöðuna ár hvert	FFMR tekur stöðuna ár hvert	FFMR tekur stöðuna ár hvert	
Framtíðarsýn										
Í Mýrdalshreppi er lögð rík áhersla á, að gæði menntunar og velferð barna séu grundvöllur þess að samfélagið haldi áfram að þróast, vaxa og dafna. Menntun með áherslu á sköpun, samvinnu, lausnaleit, þrautseigu og hugrekki er forsenda þess að samfélagið geti tekist á við tækifæri og áskoranir framtíðar.	Að skólastarf uppfylli ítrustu kröfur sem gerðar eru um menntun fyrir alla án aðgreiningar og starfshættir endurspeglar þær áherslur.	Að skólastarf beri skýr merki um að vera á 5. stigi samkvæmt matstæki GGÓ (þróun skólastarfs í anda hugmynda um einstaklingsmiðað nám, lýðræðislegt og nemendamiðað skólastarf og lærdómssamfélag) eða sambærilegt.	Gott og skipulagt innra mat tryggir gæði skólastarfs.	Nýta viðmið um gæðastarf með börnum í leik- og grunnskólum og við frístundastarf í sveitarfélaginu. Að a.m.k. 90% nemenda líði vel samkvæmt könnunum og gripíð sé til aðgerða náist það markmið ekki.						
Mikilvægt er að sköpuð sé samfella í leik, námi og frístundum barna með áherslu á stigvaxandi þekkingu og leikni þar sem tekið er mið af hæfni, styrkleikum og þörfum hvers og eins.	Að skólastarf sé skipulagt þannig að dagar nemenda séu samfelldir með fjölbreyttum verkefnum þar sem hver og einn geti notið sín, einn og sér eða í samvinnu með öðrum. Að fjölbreyttir kennsluhættir séu áberandi og sköpun og grunnþættir hafðir að leiðarljósi við skipulag náms frekar en einhæfar námsbækur. Nám hverfist um lykilhæfni náms og framfarir nemendanna.	Þegar lítið er svo á að allir nemendur geti tekið framförum í leik og námi með viðeigandi náms og kennsluáferðum í hópi þar sem þeir eru virkir og viðurkenndir þátttakendur. Þegar börn njóta æskunnar til þess að byggja sig upp fyrir framtíðina.	Endurskoðun skólanámskráa, sýn og stefna skóla. Eignarhald og innleiðing á menntastefnu.	Samþætting námsgreina og leiðsagnarnám. Þjálfun og innleiðing.						
Mýrdalshreppur er samfélag sem lítur á margbreytileikann sem auðlind. Í skólastarfi er margbreytileikinn hafður að leiðarljósi sem tækifæri til þess að stuðla að inngildingu, fjölbreyttum og skapandi leiðum í kennslu og námi með áherslu á jafnrétti og gagnvirk samskipti. Samráð og virk þátttaka foreldra, forsjárfólks og nærsamfélags í þróun skólastarfs er lykill að tækifærum til framþróunar í fjölmenningarlegu skólastarfi.	Að í starfi skólanna sé unnið kerfisbundið með margbreytileikann þar sem öllum nemendum er veitt gæðamenntun og gert er ráð fyrir margbreytileika nemendahöpsins hvað varðar námslegar, félagslegar og þroskatengdar þarfir.	Þegar foreldrar eru samstarfsfólk og hafa jafnt sem skólinn frumkvæði að samstarfi um nám og liðan nemenda. Þegar a.m.k. 90% foreldra og forsjárfólks upplifi að unnið sé skipulega með margbreytileika í skólastarfinu og að honum sé fagnað.	Styðja kennara með fræðslu og ráðgjöf við að skipuleggja leik, nám og kennslu á þann hátt að það styðji við margbreytileika og skapandi fjölmenningarlegt skólastarf.	Endurskoðun skólanámskráa, sýn og stefna skóla. Eignarhald og innleiðing á menntastefnu.						
Leiðarljós menntastefnu Mýrdalshrepps er að allt starf skuli byggja á samvinnu, umburðarlyndi, virðingu og gleði. Lögð er áhersla á samstarf starfsfólks, metnað, framsækni, faglega umræðu og vilja til nýbreytni. Leikur, vellíðan, tónlist og skapandi starf eru órjúfanlegir þættir í skólastarfinu.	Að starfsþróun styðji við aukna fagmennsku og styðji við leiðarljósin. Skólastjórnmendur eru virkir þátttakendur í þróun kennsluhátta í samræmi við framtíðarsýn.	Þegar starfsþróun byggir á markmiðum skóla og umbótaáætlun; hún hefur skýr markmið um nám þátttakenda og breytingar á námi nemenda. Starfsþróun er skipulega metin.	Samstarfsáætlanir og starfsþróunaráætlanir endurskoðaðar.	Skólanámskrár endurskoðaðar.						
Það er hlutverk Mýrdalshrepps að styðja skólana við að búa skólastarfi öruggt, samræmt og heilsuelfandi leik-, náms- og starfsumhverfi í metnaðarfullri umgjörð sem ber merki lærdómssamfélags.	Að umhverfi skólastarfs einkennist af samræmingu, öryggi, fagmennsku og virðingu þar sem jákvæð samskipti og lýðræðislegir starfshættir eru í hávegum hafðir í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Heilsuelfandi samfélag.	Þegar til staðar er skýr sýn og skilgreind viðmið um árangur – sem allt skólasamfélagið þekkir og hefur tekið þátt í að móta. Sýnin birtist í daglegu starfi.	Góð skólanámskrá.	Reglubundir fundir og greining í samvinnu og samstarfi stjórnenda og sveitarfélags þar sem metið er hvort skólalúsnæði og skólaumhverfi standist nauðsynlegar kröfur.						
Sveitarfélagið skuldbindur sig til að standa vörð um menntun og velferð nemenda og að gera aðstæður og aðbúnað eins góðar og unnt er hverju sinni.	Að eftirlit virki - áætlunum fylgt eftir hjá sveitarfélaginu.	Fjölskylduráð sinnir hlutverki sínu m.a. með því að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur.	Öryggisáætlun. Kannanir og ytra mat.	Öflug starfsáætlun fjölskylduráðs.						
Meginmarkmið										
að fylgja stefnu stjórnvalda og mennta nemendur samkvæmt aðalnámskrá,	Að vinna samkvæmt aðalnámskrám, lögum og reglugerðum.	Að skólastarf beri skýr einkenni gæðastarfs á flestum eða öllum þáttum innra/ytra mats og samkvæmt viðmiðum um gæða skólastarf. Starfsemi hverrar stofnunar og frístundastarfs með börnum byggji á viðmiðum um gæðastarf.	Innleiða menntastefnu.	Öflug starfsáætlun fjölskylduráðs um fagleg og rekstrarleg málefni, eftirlitsskyldu og frumkvæðisskyldu.						
að skólastarfið sé framsækið, fjölbreytt, skapandi og grundvallað á gæðum í öruggu og heilsuelfandi náms- og starfsumhverfi,	Að kennsluáðferðir séu til þess fallnar að henta útfærslu á skapandi skólastarfi. Miklu skiptir að leiknum sem námsaðferð sé gert hátt undir höfði í leik- og grunnskóla og sú áhersla einkoröist ekki við yngstu nemendurna.	Að leikur, nám og kennsla sé á 5. stigi á matslistum GGÓ/Lærdómssamfélags/-eða sambærilegt	Innleiða gæðaviðmið MMS um skólastarf að viðbættum markmiðum úr menntastefnu.	Virk gæðaráð í hverjum skóla og skýrar matsáætlanir með skýrum viðmiðum um gæði.						
að tryggja samfellu og samstarf milli skóla, skólastiga og æskulýðsstarfs og bjóða farsæla leið frá leikskóla til framhaldsnáms,	Að samstarf allra sem að menntun og uppeldi barna koma sé skipulagt, faglegt og til þess fallið að styrkja velferð hvers barns.	Gagnkvæm tengsl skóla og annarra sem að menntun barna koma eru fastur liður í skólastarfinu og markmiðum og leiðum lýst í skólanámskrá.	Samstarfsáætlun birt í starfsáætlunum.	Nýta viðmið um gæði frístundastarfs.						
að nemendur fái tækifæri til að tileinka sér skapandi, gagnrýna og frjóa hugsun og taki stigvaxandi ábyrgð á frekari þekkingarleit með sterka sjálfmynd, hugrekki og þrautseigu í farteskinu,	Að skólastarf sé skipulagt þannig að fjölbreyttum verkefnum verði komið fyrir þar sem hver og einn geti notið sín, einn og sér eða í samvinnu með öðrum. Að fjölbreyttir kennsluhættir séu áberandi og sköpun og grunnþættir hafðir að leiðarljósi við skipulag náms frekar en einhæfar námsbækur. Nám hverfist um lykilhæfni náms og framfarir nemendanna.	Nemendur setja sér markmið um nám sitt og skipulag þess í samráði við kennara og foreldra, m.a. með hlíðsjón af áhugasviði og námsstöðu. Nemendur fá tækifæri til að bæta nám sitt á grundvelli leiðsagnarmats.	Endurskoða skólanámskrár og kennsluáætlanir. Hlusta á raddir barna og tryggja lýðræðislega aðkomu þeirra.	Nemendasamtöl og kannanir um framgang námsins og liðan eru reglubundinn hluti af námsframvindunni.						
að leggja áherslu á samþætt verkefni með áherslu á viðfangsefni þar sem nemendur eru virkir þátttakendur og nýta styrkleika sína á persónumiðaðan hátt,	Að skólar séu með skýra kennslufræðilega stefnu og geri grein fyrir því hvernig og hvar áherslur persónumiðaðs náms birtast.	Samþætting námsgreina. Að leikur, nám og kennsla beri skýr einkenni gæðastarfs þegar starfshættir eru mátaðir við viðmið sveitarfélagsins um gæða leik- nám og kennslu.	Kennsluráðgjöf/ sérkennsluráðgjöf	Endurskoðun skólanámskrár, námsvísa og kennsluáætlana.						
að gera ráð fyrir aðkomu nemenda að eigin námi, virða skoðanir þeirra og tryggja að öll þjónusta við nemendur sé samþætt og skýr með hagsmuni þeirra að leiðarljósi,	Að þjónusta við börn sé samþætt og samstarfsmiðuð og börn komi að ákvörðunum um eigið nám.	Að miðað sé við að skipulag og stjórnun sé á 5. stigi (stoð 1.) samkvæmt matslista GGÓ eða sambærilegum. Farsældarfrumvarpið raungerist í skipulagi.	Endurskoða skólanámskrár og kennsluáætlanir. Hlusta á raddir barna og tryggja lýðræðislega aðkomu þeirra.	Nemendasamtöl og kannanir um framgang námsins og liðan eru reglubundinn hluti af námsframvindunni.						
að virk teymisvinna sé greinanleg í skólunum þar sem starfsfólk lærir í sameiningu og hvert af öðru í lærdómssamfélagi,	Að til staðar sé virk teymisvinna með markvissri ígrundun þar sem starfsmenn læra hver af öðrum og hver með öðrum í lærdómssamfélagi.	Að miðað sé við að skipulag og stjórnun sé á 5. stigi: Teymiskennsla er viðhöfð þar sem teymi kennara ber sameiginlega ábyrgð á námi og kennslu nemendahöps.	Styðja kennara með fræðslu og ráðgjöf við að skipuleggja nám og kennslu á þann hátt að það styðji við teymiskennslu.	Framlag sveitarfélagsins til innleiðingar á menntastefnunni s.s. fjármögnun námskeiða og handleiðslu.						
að samskipti heimilis og skóla einkennist af góðu samstarfi og upplýsingaflæði sem styður við þátttöku foreldra og forsjárfólks,	Að foreldrar séu samstarfsfólk og hafa jafnt sem skólinn frumkvæði að samstarfi um nám og liðan nemenda. Gagnkvæm upplýsingamiðlun, s.s. um liðan, nám og framfarir nemanda milli kennara og foreldra.	Að miðað sé við að foreldrasamstarf og grenndarsamfélag sé á 5. stigi (stoð 6.) samkvæmt matslista GGÓ eða sambærilegum.	Foreldrakannanir, innra og ytra mat.	Endurskoða sýn og stefnu skólanna og skýra foreldrasamstarf í starfsáætlun hvers skólaárs.						
að skólarnir séu í gagnkvæmum tengslum við grenndarsamfélag, umhverfi, menningu og atvinnulíf.	Að gagnkvæm tengsl skóla og grenndar séu fastur liður í skólastarfinu og markmiðum og leiðum lýst í skólanámskrá. Verkefni nemenda utan skólabyggingar og í samvinnu við aðila úr grenndarsamfélaginu eru liður í námsáætlunum nemenda.	Að miðað sé við að samstarf sé á 5. stigi samkvæmt matslista GGÓ. Í starfsáætlunum eða skólanámskrám (eftir því sem við á) birtist með skýrum hætti hvernig samstarfinu er háttað.	Sveitarfélagið stuðli að samvinnu og samstarfi skólanna við atvinnulíf og stofnanir heima og að heiman.	Verkefni sem eru samþætt og þematengd með áherslu á samstarf - birt í skólanámskrá.						
Menntun fyrir öll										
Menntun er frumréttur hvers barns. Börn eru mismunandi, hafa ólík áhugamál, hæfileika og námsþarfir og búa við misjafnar aðstæður. Í skipulagi og tilhögun náms ber að taka mið af einstaklingum og þörfum þeirra.	Að öll börn hljóti menntun við hæfi. Að þjónusta við börn sé samþætt og samstarfsmiðuð og börn komi að ákvörðunum um eigið nám.	Að miðað sé við að skipulag og stjórnun sé á 5. stigi (stoð 1.) samkvæmt matslista GGÓ eða sambærilegum. Farsældarfrumvarpið raungerist í skipulagi.	Endurskoða skólanámskrár, námsvísa og kennsluáætlanir. Hlusta á raddir barna og tryggja lýðræðislega aðkomu þeirra.	Nemendasamtöl og kannanir um framgang námsins og liðan eru reglubundinn hluti af námsframvindunni.						
Menntastefnan tekur mið af því að skólarnir vinni að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.	Að Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og Barnasáttmálinn séu greinlega nýtt í kennslu og að nemendur þekki tilgang þeirra og markmið.	Nemendur gripa reglulega til aðgerða til þess að vinna að Heimsmarkmiðunum og Barnasáttmálanum í skólastarfinu.	Innleiðing Barnasáttmála og Heimsmarkmiðanna.	Endurskoðun skólanámskrár og áætlana um uppeldi og menntun.						
Menntastefnan tekur mið af grunnþáttum menntunar (læsi, sköpun, jafnrétti, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindum, heilbrigði og velferð) sem birtast í aðalnámskrá. Allt skipulag náms og kennslu skal byggja á vinnu með grunnþættina og þeim gerð skil í skólanámskrá.	Að grunnþættir séu leiðarljós á viðfangsefnum og stýri vali á viðfangsefnum frekar en einstakar námsbækur eða kennarar.	Að námsvisar og skólanámskrár lýsi með hvaða hætti grunnþættir birtist í skólastarfi og að starf með börnum beri þess skýr merki að grunnþættir menntunnar ákvarði val á námi. Samþætting námsgreina er áberandi og sköpun birtist greinilega í starfi með börnum.	Endurskoða skólanámskrár og framkvæmd skólanna á áherslum aðalnámskrár og menntastefnu ríkisins.	Endurskoða lestrastefnu/læsi. Endurskoða kennsluáðferðir - koma auga á leiðbeinandi kennsluáðferðir. Innlit í kennslustundir.						

Innleiðingaráætlun menntastefnu Mýrdalshrepps 2023

Stefnuþáttur	Markmið	Viðmið og vísbendingar	Aðgerðir I	Aðgerðir II	Áætlað að framkvæma	Kostnaður	Ábyrgð/ Framkvæmd	Staðan 2024	Staðan 2025	Staðan 2026
Hlutverk skólanna í Mýrdalshreppi er skilgreint í aðalnámskrá og þeim lögum sem um þá gilda. Leikskólinn er fyrsta skólastigið þar sem leikurinn er meginnámsleið barna í skapandi starfi. Í tónskólanum gefst nemendum kostur á einstaklings- og hópkennslu í hljóðfæraleik, jafnt í rytmískri og klassískri tónlist, samspiili og tónfræðigreinum. Grunnskólinn er eina skólastigið sem nemendum er skylt að sækja og er því mikilvægur vettvangur til að þroska með nemendum hæfni í anda grunnþáttanna sem búa þau undir þátttöku í lýðræðissamfélagi.	Að skólarnir vinni samkvæmt aðalnámskrám, lögum sem um þá gilda og allt starf sé grundvallað á grunnþáttum menntunar þar sem hver skóli og skólastig skilgreinir stefnu sína og sérstöðu.	Að skólastarf beri skýr einkenni gæðastarfs á flestum eða öllum þáttum innra/yttra mats og samkvæmt viðmiðum um gæða skólastarf. Starfsemi hvers skóla byggji á viðmiðum um gæðastarf.	Endurskoðun á sýn og stefnu hvers skóla og birt í skólanámskrá.	Styðja skólastjórnendur við endurskoðun á skólastefnu skólanna og að rýna í starfshætti kennara. Rýnt í námsvísa/ kennsluáætlanir - innra mat. Reglulegar kannanir.						
Mikilvægt er að nám og kennsla fari fram í vel búnu námsumhverfi sem uppfyllir markmið leiðsagnarnáms og að nemendur komi að eigin námi á lýðræðislegan hátt. Lögð er áhersla á að við mat á leik, nám og velferð séu nýttar fjölbreyttar námsmatsaðferðir þar sem nemandinn er virkur þátttakandi í mati á eigin framförum, m.a. með leiðsagnarmati sem byggist á markmiðum og viðmiðum.	Að námsmat beri skýr einkenni leiðsagnarmats og að stöðugt sé horft að framkvæma kennslufræðilega stefnu skóla og ýti undir heilsuuppeldissjónarmið eru sýnileg í framkvæmd.	Fjölbreyttar námsmatsaðferðir þar sem nemandinn er virkur þátttakandi í mati á eigin framförum, m.a. með leiðsagnarmati sem byggist á markmiðum og viðmiðum. Að námsumhverfi og námsmat (GGÓ) nemenda sé á 5 stigi .	Endurskoða stefnu um námsmat.	Skýr áætlun um innra mat og áherslu á gæðaviðmið.						
Í samvinnu við heimilin stuðlar skólastarf að því að búa hverju barni farsæld og sem bestar aðstæður svo öll börn hafi tækifæri til að nýta kosti sína og styrkleika á hvetjandi og uppbyggilegan hátt.	Að Mýrdalshreppur verði öðrum sveitarfélögum fyrirmynd er kemur að innleiðingu á lögum um farsæld barna. Að samfella í sérfræðipjónustu við börn sé samfelld alla skólagönguna og að ítarlegt og gott samstarf sé á milli þjónustuaðila við börn.	Þegar sérfræðipjónusta sveitarfélagsins þjónar farsæld barna í nauðsynlegu samstarfi við alla þá aðila sem þurfa að vinna saman til að hvert barn fái að vaxa og eflast og að sá vöxtur byggji á styrkleikum hvers barns.	Innleiða starfshætti farsældarfrumvarpsins - skýra starfshætti nemendaverndarráðs.	Leita leiða um samstarf og samvinnu við ráðuneyti um velferð og menntun barna til að sveitarfélagið geti orðið öðrum fyrirmynd um útfærslu á frumvarpi um velferð barna.						

Heilsueflandi náms- og starfsumhverfi

Mýrdalshreppur vill stuðla að líkamlegu, andlegu og félagslegu heilbrigði nemenda og starfsfólks með því að bjóða upp á heilsueflandi og aðlaðandi starfsumhverfi, næringarríkt hollt fæði og stuðla að hreyfingu og útiveru.	Að skipulag og starfshættir í starfi með börnum endurspeglí áherslu sveitarfélagsins á heilbrigði og velferð barna og fullorðinna. Að börn fái stuðning til þess að efla hæfni sína til þess að bera ábyrgð á eigin heilsu upp alla skólagönguna.	Að grunnþátturinn heilbrigði og velferð marki ákvarðanir um leik, nám og kennslu í skólum sveitarfélagsins á sýnilegan hátt. Þegar nemendur og starfsfólk upplifa vellíðan og tækifæri til þess að gera sem mest úr hæfileikum sínum og getu og takast á við verkefni sem gera þeim kleift að vaxa sem manneskjur.	Að starfs- og námsumhverfið sé í stöðugu umbótaferli í samræmi við þróun starfshátta í skólum og taki mið af þeirri vinnu.	Setja skýr og leiðbeinandi viðmið í gæðalista, sem auðvelt er að vinna með.						
að húsnæði, búnaður og leiksvæði séu í samræmi við lög og reglugerðir hverju sinni og tryggt sé að búnaður sé samkvæmt ákvæðum vinnuverndar,	Að skólar hafi aðgang að þeim búnaði sem nauðsynlegur þykir til þess að framkvæma kennslufræðilega stefnu skóla og ýti undir heilsueflandi aðstæður.	Að a.m.k. 90% nemenda, foreldra og starfsfólks upplifi jákvætt og uppbyggjandi starfsumhverfi og góðan aðbúnað.	Að stjórnendur undirbúi gerð fjárhagsáætlunar vel og að mat á tækjaþörf feli í sér kennslufræðilegan og heilsueflandi rökstuðning.	Uppfærðar öryggisáætlanir og að brugðist sé við ef umbóta er þörf.						
að náttúran sé nýtt sem námsumhverfi,	Að leikur, nám og kennsla fari fram úti gegnum útikennslu sem lýst er í skólanámskrá.	Að námsumhverfi (3. stoð GGÓ) nemenda sé á 5 stigi þar sem nærumhverfið er órjúfanlegur hluti af námsumhverfi nemenda.	Endurskoða skólanámskrár og framkvæmd skólanna um skipulag námsumhverfis.	Mat á námi og kennslu/ uppeldis- og menntastarfi sem mikilvægur partur af innra mati - efla stjórnendur í innlitum og mati á leik, námi og kennslu.						
að aðstaða nemenda og starfsfólks, inni og úti, sé aðlaðandi, hvetjandi og vel tækjum búin eins og hæfir fjölbreyttu og skapandi skólastarfi,	Umhverfi skólastarfs einkennist af öryggi, fagmennsku og virðingu þar sem jákvæð samskipti og lýðræðislegir starfshættir eru í hávegum hafðir í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Heilsueflandi samfélag.	Að a.m.k. 90% nemenda, foreldra og starfsfólks upplifi jákvætt og uppbyggjandi starfsumhverfi og góðan aðbúnað.	Sjá til þess að skólastjórnendur og kennarar fái þann stuðning sem til þarf, til að geta viðhaldið áætlunum um öryggi og velferð og sinnt umbótum, sé þeirra þörf.	Reglubundir fundir og greining í samvinnu og samstarfi stjórnenda og sveitarfélags þar sem metið er hvort skólahúsnæði og skólaumhverfi standist nauðsynlegar kröfur.						
að gott samstarf sé milli heilsugæslu og skóla,	Að gott og kerfisbundið samstarf sé á milli heilsugæslu og skóla.	Að miðað sé við að 90% allt samstarf sé á 5. stigi samkvæmt matslista GGÓ.	Samstarfsáætlun endurskoðuð og tengd við innra mat.	Farsæld - tengd vel saman við nemendaverndarráð.						
hollan og góðan mat fyrir nemendur og starfsfólk.	Að matur sé bæði góður og hollur.	Viðmið - lýðheilsu - heilsueflandi skóli og samfélag.	Samstarfsáætlun endurskoðuð og tengd við innra mat.	Reglulegt lýðræðislegt samstarf - áætlanir.						

Mannauður og starfsþróun

Mýrdalshreppur vill leggja sitt af mörkum til að skólasamfélagið laði að sér vel menntað fólk. Sveitarfélagið vill skapa umhverfi þar sem metnaðarfullt starfsfólk ásamt nemendum og íbúum samfélagsins tekur höndum saman og byggir upp til framtíðar þar sem skólaþróun er virk með áherslu á farsækni.	Að skólarnir hafi ávallt á að skipa starfsfólki með góða menntun og reynslu og tækifærum til starfsþróunar sem stýður við framkvæmd menntastefnu sveitarfélagsins.	Að a.m.k. 90% starfsfólks upplifi jákvætt og uppbyggjandi starfsumhverfi og góðan aðbúnað.	Nýta menntastefnu til að setja markmið hátt.	Efla gæðastarf - gott kerfisbundið innra mat - kerfisbundnar umbætur í samræmi við viðmið um gæðastarf						
Mýrdalshreppur vill að tækifæri til starfsþróunar á hverjum tíma séu eins góð og hægt er svo fólk geti vaxið í störfum sínum, aukið við þekkingu og faghæfni og kynnt sér nýjungar.	Að stuðningur sveitarfélagsins við starfsþróun sé reglubundinn og samkvæmt reglugerðum um sérfræðipjónustu við starfsfólk.	Að a.m.k. 90% starfsfólks upplifi og finni fyrir stuðningi við starfsþróun.	Endurskoða starfsþróunaráætlanir - í samræmi við stefnu skóla/sveitarfélags. Reglulegar kannanir.	Framlag sveitarfélagsins til innleiðingar á menntastefnunni.						
Mýrdalshreppur leggur áherslu á að koma til móts við starfsfólk með samræmdu starfsumhverfi, framsæknu og þverfaglegu skólastarfi þannig að það fái tækifæri til að vinna að ólíkum verkefnum innan sömu stofnunar og þvert á skólastig þar sem sérfræðipekking hvers og eins nýttist sem best.	Að starfsmannastefna hverrar stofnunar sé skýr. Að fundnar séu leiðir til þess að starfsaðstæður séu sem bestar og sambærilegar þvert á skóla og skólastig. Að starfsfólk hafi lýðræðislega aðkomu að skipulagi skólastarfs og umhverfis þess.	Þegar meirihluti starfsfólks upplifir í könnunum eða í rýnihópum að samstarf og starfsaðstæður séu góðar, sambærilegar og að starfsandinn sé góður.	Samræmt skóladagatal.	Skýr starfsmannastefna, nýta hæfiramma - góður stuðningur.						
Stuðningur við starfsfólk samkvæmt reglugerð hverju sinni í formi stoð- og sérfræðipjónustu er mikilvægur svo starfsfólk og skólinn sem heild eflist faglega og geti mætt fjölbreyttum þörfum skapandi nemenda.	Að sérfræðipjónusta skólanna sé skilgreind og aðgengileg, ráðgjöf og handleiðsla við starfsfólk sé reglubundin og samkvæmt reglugerðum um sérfræðipjónustu við starfsfólk.	Að a.m.k. 90% starfsfólks upplifi að það hafi þann stuðning og verkfæri sem til þarf til að mæta þörfum hvers barns.	Virkar skimanaáætlanir í leik - og grunnskóla sem eru endurskoðaðar reglulega.	Kennslu - og sérfræðiráðgjöf.						

Samstarf og samfella

Mýrdalshreppur stuðlar að góðu og lýðræðislegu samstarfi allra sem að uppeldi og menntun nemenda koma.	Að samstarf allra sem að menntun og uppeldi barna koma sé skipulagt, faglegt og til þess fallið að styrkja velferð hvers barns.	Gagnkvæm tengsl skóla og annarra sem að menntun barna koma eru fastur liður í skólastarfinu og markmiðum og leiðum lýst í skólanámskrá. Að miðað sé við að 90% allt samstarf sé á 5. stigi samkvæmt matslista GGÓ.	Reglulegir samráðsfundir skóla og annarra sem að uppeldi og menntun koma.	Endurskoða sýn og stefnu skólanna, endurskoða starfsáætlanir.						
að foreldrar og forsjárfólk séu virkir samstarfsmenn við eflingu jákvæðs skólabrags, skipulags og skipulag skóla í heild. Þeir taka þátt í mati á framförum barna sinna og gerð námsáætlaanna.	Að foreldrar séu virkir samstarfsmenn skóla við eflingu jákvæðs skólabrags og skipulag skóla í heild. Þeir taka þátt í mati á framförum barna sinna og gerð námsáætlaanna.	Að miðað sé við að a.m.k. 90% alls samstarfs sé á 5. stigi samkvæmt matslista GGÓ. Í starfsáætlunum eða skólanámskrám birtist með skýrum hætti hvernig samstarfinu er háttað.	Kannanir, innra og yttra mat	Endurskoða sýn og stefnu skólanna, endurskoða starfsáætlanir.						
að starfsfólk beiti jákvæðum samskiptum og upplýsingaflæði sem leiðum til að ýta undir og styðja nemendur til stígavaxandi framfara,	Að umhverfi skólastarfs einkennist af öryggi, fagmennsku og virðingu þar sem jákvæð samskipti og lýðræðislegir starfshættir eru í hávegum hafðir í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.	Að miðað sé við að 90% allt samstarf við nemendur og upplýsingamiðlun til nemenda og foreldra, s.s. um líðan, nám og framfarir nemanda milli kennara og foreldra sé á 5. stigi samkvæmt matslista GGÓ.	Endurskoða skólanámskrár og kennsluáætlanir. Hlusta á raddir barna og tryggja lýðræðislega aðkomu þeirra.	Innra mat-kannanir.						
að starfsfólk skóla, félagsmiðstöðvar og íprótta- og æskulýðsmála starfi saman við að tryggja fjölbreytt og lífandi starf með börnum með áherslu á samfellu í leik og námi,	Að samstarf skólanna við íprótta- og æskulýðsstarf sé reglubundið og samofið skólastarfinu.	Að miðað sé við að a.m.k. 90% alls samstarfs sé á 5. stigi samkvæmt matslista GGÓ. Í starfsáætlunum eða skólanámskrám (eftir því sem við á) birtist með skýrum hætti hvernig samstarfinu er háttað.	Sveitarfélagið stuðli að samvinnu og samstarfi skólanna við atvinnulíf og stofnanir heima og að heiman.	Samráðsfundir.						
að videigandi upplýsingagjöf sé viðhöfð á milli samstarfsaðila á öllum stigum,	Að samstarf allra sem að menntun og uppeldi barna koma sé skipulagt, faglegt og til þess fallið að styrkja velferð hvers barns.	Regluleg samskipti - skýr starfsáætlun allra.	Endurskoða stefnur og samstarfsáætlanir.	Innra mat.						
að allar stofnanir sem koma að uppeldi, menntun og tólmstundum styðjist við og noti samræmd fagleg vinnubrögð og hugmyndafræði,	Að samstarf allra sem að menntun og uppeldi barna koma sé skipulagt, faglegt og til þess fallið að styrkja velferð hvers barns.	Gagnkvæm tengsl skóla og annarra sem að menntun barna koma eru fastur liður í skólastarfinu og markmiðum og leiðum lýst í skólanámskrá. Samstarfsáætlun lýst í starfsáætlun og metin árlega.	Samræmd stefna í samskiptum.	Framlag sveitarfélagsins til innleiðingar á menntastefnunni.						
markvissar skólaheimsóknir sem stuðla að árangursríkri aðlögun milli skólastiga,	Að samstarf allra sem að menntun og uppeldi barna koma sé skipulagt, faglegt og til þess fallið að styrkja velferð hvers barns.	Gagnkvæm tengsl skóla og annarra sem að menntun barna koma eru fastur liður í skólastarfinu og markmiðum og leiðum lýst í skólanámskrá. Samstarfsáætlun lýst í starfsáætlun og metin árlega.	Samstarfsáætlun.	Innra mat.						
að nemendum og íbúum sé boðið upp á aðstöðu til framhaldsnáms í fjarnámi,	Að bjóða upp á tækifæri og aðbúnað til menntunar í heimabyggð, nýta húsnæði sem fyrir er í sveitarfélaginu til þess að þjóna menntun íbúanna óháð búsetu með áherslu á nýtingu tækninnar.	Að nemendur í framhaldsnámi hafi fjölbreyttara aðgengi, sem gæti talist kostur, við að hefja framhaldsnám í heimabyggð, hvort sem um er að ræða blandaðar leiðir eða leiðir til að ljúka framhaldsnámi að fullu.	Skipuleggja og auglýsa aðstöðuna.	Framlag sveitarfélagsins til innleiðingar á menntastefnunni hvað varðar húsnæði og búnað.						
að skólarnir séu í góðu samstarfi við hvers konar félags- og menningarstarfsemi, starfsþróun og fullorðinsfræðslu.	Að samstarf stofnana sé faglegt og uppbyggjandi sem stýður við framtíðarsýn menntastefnu.	Regluleg samskipti - skýr starfsáætlun allra.	Endurskoða stefnur og samstarfsáætlanir.	Innra mat.						

Innleiðing og ábyrgð

Innleiðingaráætlun menntastefnu Mýrdalshrepps 2023

Stefnuþáttur	Markmið	Viðmið og vísbendingar	Aðgerðir I	Aðgerðir II	Áætlað að framkvæma	Kostnaður	Ábyrgð/ Framkvæmd	Staðan 2024	Staðan 2025	Staðan 2026
Markviss innleiðing menntastefnunnar með áherslu á viðmið um gæðastarf er lykilt að því að ná fram settum markmiðum á kerfisbundinn hátt.	Að innleiða stefnuna og ná árangri með áherslu á gæðastarf skólanna í Mýrdalshreppi.	Þegar innleiðing er markviss og allir hagsmunaaðilar eru þátttakendur og markmið eru metin reglulega með áherslu á styrkleika og tækifæri til umbóta.	Aðgerðarbundin innleiðingaráætlun hvers skóla. Sjá til þess að skólastjórnendur og kennarar fái þann stuðning sem til þarf svo að þeir geti nýtt sér gæðaviðmið til stöðugra umbóta í skólastarfi.	Starfsáætlun fjölskylduráðs þar sem regluleg stöðutaka innleiðingar er reglubundin.						
Innleiðingaráætlun menntastefnu verður metin árlega með það að markmiði að meta gildi hennar, gæði og hvort hún uppfylli þær kröfur sem samfélagið gerir miðað við aðstæður hverju sinni.	Að unnið sé eftir innleiðingaráætlun og staðan sé metin reglulega.	Þegar innleiðing er markviss og allir hagsmunaaðilar eru þátttakendur og markmið eru metin reglulega með áherslu á styrkleika og tækifæri til umbóta.	Að fylgja aðgerðaráætlun og skrá niður stöðu innleiðingar útfrá innra mats skýrslum skólanna á ári hverju.	Ráðgjöf til kjörinna fulltrúa um hlutverk fjölskyldu-, frístunda- og menningarráðs og verkefni nefndarinnar.						
Skólar Mýrdalshrepps forgangsraða aðgerðum til innleiðingar hver fyrir sig og gera grein fyrir stöðu þeirra aðgerða sem unnið er að í skýrslu um innra mat (sjálfsmatsskýrslu) í lok hvers skólaárs.	Að skýrt sé hvernig skólar forgangsraða verkefnum til innleiðingar og hver staðan er í lok hvers skólaárs. Að skýr viðmið séu sett fram um hvaða þættir úr innra mati þurfi að fara í úrbótaferli og að það sé ófrávikjanleg regla að innra mat leiði til umbóta sé þess þörf.	Þegar skýr innleiðingaráætlun er til staðar og stöðu skólans má sjá í skýrslum um innra mat. Að innra mat sé vel skipulagt, gagnaöflun fjölbreytt og allir hagsmunaaðilar komi að mati á skólastarfinu. Að umbótaáætlanir séu birtar á heimasíðum skólanna.	Hver skóli gerir innleiðingaráætlun og skilar skýrslu til fjölskylduráðs um innra mat í lok skólaárs.	Fjölskylduráð fylgir eftir stöðu aðgerða á fundum með stjórnendum skóla og fer yfir skýrslur um innra mat.						
Ábyrgð á innleiðingu ber fjölskyldu-, frístunda- og menningarráð í umboði sveitarstjórnar.	Að skýrt sé hver haldi utan um innleiðingarferlið, aðgerðir og árangur.	Að kjörnir fulltrúar, starfsfólk sem kemur að menntun og uppeldi barna og foreldra vinna saman að því að auka farsæld og framúrskarandi skólastarf.	Fjölskyldu-, frístunda- og menningarráð hafi starfsáætlun þar sem innleiðing menntastefnu er á dagskrá ásamt öðrum verkefnum.	Ráðgjöf til kjörinna fulltrúa um hlutverk fjölskyldu-, frístunda- og menningarráðs og verkefni nefndarinnar.						
Viðmið og vísbendingar										
Gæðaviðmið um leikskólastarf	Frá draumi til veruleika - NÝSKÖPUNARVIÐMIÐIN									
Gæðaviðmið um grunnskólastarf	Lestrarstefna Mýrdalshrepps 2015									
Gæðaviðmið um frístundastarfs	Heimsmarkmiðin									
Matstæki GGÓ	Barnasáttmálinn									